

Nettímarit

Troðningur

29 tbl. 16 Mars 2012 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List

Meðal efnis:

Hljóðverið "Niceland" í Keflavík
Veggir og táknmál þeirra
Public Art - List á almannafæri
Snjóverk eftir Sonja Hinrichsen
Blíantar Dalton Ghetti
Blý úr blýöntum er ekki hættulegt !

Jenny Chapman og Mark Reigelman
Draumkenndur Arkitektúr
Mannleg reysn - List
Þjóðsögur
Bókverk í listum
Vindverk
Greinar



Forsíðumynd: Frá Vetrarhátíð Reykjavíkur af sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 2012.
"Brúður gerðar eftir teikningum barna" , eftir Guðmund R Lúðvíksson

ICELANDIC
ART MAGAZINE

Hljóðverið "Niceland" í Keflavík.

Í Keflavík (Reykjanesbæ) hafa þrír djarfir einstaklingar komið upp nýju hljóðveri, Stúdíó Niceland.

Þetta kann að hljóma undarlega á tölvutímum eins og við lifum á í dag, þegar nánast hver sem er getur keypt sér upptökutæki eða upptökuforrit í tölvuna sína og hafist handa.

Sveinn Björgvinsson, gítarleikari og lagasmiður er einn þessara þriggja aðila. Troðningur tók hann tali og skoðaði aðstöðuna.

Þess má geta hér að Svenni hefur unnið í fjölda mörg ár með mörgum erlendum stórstjörnum, tekið upp fyrir þær eða samið lög handa þeim.

Svenna segir að nóg hafi verið að gera, og þá sérstaklega hafi rapparar sótt fast í að komast í hljóðverið þeirra, þar sem einhverahluta vegna henti sándið í þessu hljóðveri algjörlega því sem rapparar sækist eftir. Fyrir opnunina á hljóðverinu segist Svenni ekki hafa haft mikið innsýn inn í heim rapparanna en þeir hafi verið naskir á að greina þetta sérstæða sánd og hafi kennt honum helling af flottum hlutum sem voru algjörlega nýjir fyrir honum sjálfum.



Fram kemur einnig að töluvert er að gera hjá þeim félagum í að taka upp aðrar tegundir af tónlist. Rock, Country, Trúbadora ofl. M.a á hljóðverið nokkur þúsund lög í karaoke útgáfum og bjóði þeir einstaklingum og hópum að taka upp og brenna síðan á diska fyrir lítinn kostnað.

Húsnæðið er sér innréttað sem alvöru hljóðver með öllum helstu tækjum sem til þarf. Þar er einnig sér klefi /rymi fyrir trommur og söng.





Ágætis eldhús er og setustofa, ásamt upptöku herberginu sem hýsir tækin.

Eigendur hljóðversins eru: Sveinn Björgvinsson, Addi túbador og Skúli Helgason. (Skúli er lærður í upptökutækni frá Full Sail University í Bandaríkjunum).

Beinn sími 868 4878



Veggir og táknmál þeirra.



Veggir hafa gríðarlega merkingu í sér. Veggur er merki um hindrun eða lokun á einhverju rými, eða afmörkun þess. Í listrænum, pólitískum og jafnvel í afmörkunum á þínu eigin svæði hafa veggir vegið þungt í tungumáli án orða. Veggur þarf ekki tungumál í sjálfu sér. Hann segir "hingað og ekki lengra" eða "þetta er rýmið". Veggir og borð eiga það sameiginlegt að vera þungamiðja í nánast öllum samskiptum manna. Innan veggja og við borð fara öll helstu mál fram. Þar enda þau.

Það verður ekki hægt að segja að umhverfislist hafi á einhvern hátt náð einhverri fótfestu á Íslandi. Eitt og eitt verk má þó sjá öðru hverju hér og þar.

Þó verður að segja það að oftar en ekki eru þau verk annaðhvort hreyndar eftirgerðir eða undir ákaflega sterkum áhrifum frá "útlandinu".

Borgir og bæir um allan heim fagna ætíð að fá verk listamanna sem láta sig umhverfið sitt varða. Þjóða þá velkomna og styðja þá í koma verkum sínum fyrir á hinum ýmsu stöðum.

Það sem gerir þetta listform svo skemmtilegt að það er í raun eins og farandverkamenn / farandlistamenn. Þeir ferðast á milli staða með verkin og því verða þau í raun aldrei eins.

Hér er t.d verk efir Kurt Perschke " Rauð blaðra " sem hann hefur ferðast með um öll Bandaríkin og víðar. Í raun er hann svo vinsæll með þetta verk sitt að hann er bókaður langt fram í tímann hjá borgum um allan heim til að setja það upp.

Heimsækja má síðuna <http://redballproject.com/> til að skoða síðasta verkefnið "Red Ball" sem hefur ferðast um borgir.





Sonja
Hinrichsen

Það þykir eflaust ýmsum skritið að hægt sé að gera og kalla það list að vinna verk í snjó. En listin á sé engin takmörk, hún er í raun eins og geimurinn, endalaus í hugmyndum og framsetningu

Margir hafa unnið samskonar list og Sonja í gegnum tíðina og nýtt sér náttúruna eins og "canvas" og "rými" til að gera verk sín. Sjálfsagt er Serra einna frægastur

innan þessa hóps í listheiminum. Troðningi fannst ástæða til að sýna lesendum þessi verk sem Sonja Hinrichsen ásamt 5 völdum vini sínum gerðu víðsvegar þar sem nægur ósnortin snjór var.

Þess má geta hér að Sonja lætur sig mikið varða um náttúruvernd og verk hennar vekja ætíð nokkra athyggli sem hún síðan notar til að vekja fólk til umhugsunar um hversu náttúran er viðkvæm og mikilvæg í lífsmunstri jarðarinnar og þeirra sem á henni búa.



Blíantar Dalton Ghetti

Dalton Ghetti er all sérstæður listamaður, en hann notast að mestu við blýanta, og blýant stubba. Verlin hans eru þannig tilkomin að hann tálgar út úr oddum blýsins allskonar hluti og merkingar. Hann einnig tálgar út innan úr blýöntunum. Síðan annað hvort taðar hann þeim upp í eitt verk, eða sýnir hvert verk fyrir sig. Eins og við er að búast eru verkin afar smá og mikla nákvæmni þarf til að vinna þau. Það sem kanski er svo skemmtilegt við þessi verk að þau eiga mjög djúpa og skýra skýrskotun í notagildi blýantsins. Því blýanturinn er í raun fyrsta tækið sem notað er til að hanna og stja fram hlutinn sem síðar verður svo til.

Um blýantinn;

Orðið blýantur er tökuorð úr dönsku blyant. Þetta hét upphaflega á dönsku blyerts, sem er blýmálmur, það



Blý úr blýöntum er ekki hættulegt !

er að segja grafit, en danska orðið varð fyrir áhrifum frá orðinu blyant sem notað var um dýrmætt silkiefni og lagaði sig að því. Orðið yfir silkiefni er fengið að láni í dönsku úr frönsku blialt, bliault.

Blýantur er skriffæri sem samanstendur af efni sem gefur frá sér lit, sem notað er til skriftar og teikningar og v iðarhulstri. Blýantar eru vanalega notaðir á pappír. Litarefnið er oftast grafit en stundum eru notuð önnur efni sem og kol eða snyrtivörur. Blý var eitt sinn notað í blýanta en því var hætt þegar í ljós kom að það var hættulegt heilsu manna. Nafnið hefur engu að síður haldist. Blýantar hafa stundum strokleður á endanum, fest með járn. Ólíkt blýöntum notast þessar við fljótandi efni, þ.e. blek.

Framleiðsla;

Nú til dags eru blýantar framleiddir með því að blanda saman fínun grafit og leirdufti, svo er blandað vatni og langir spagettí-legum strengum og síðan eru þeir hitaðir í sérstökum ofni. Síðan eru strengunum dýft í olíu eða bráðið vax sem rennur inni smálar holur á efninu, sem leiðir til auðveldari og mýkrar skriftar.

Margir blýantar (oftast þeir sem notaðir eru við listir) eru merktir með Evrópskum skala sem nær frá „H“ (hardness, harðleika) to „B“ (blackness, svartu) sem og „F“ (fine point, fínleika), og flokkast hinn hefðbundni rit-blýantur undir „HB“.

Lögun blýanta;

Flestir blýantar eru sexhyrndir ef litið er á þá með þverskurði. Það er þægilegt að halda á þannig blýöntum og þeir stoppa ef þeir rúlla á láréttu svæði. Blýantar smíða eru flatari að lögun, sem mun einnig ekki rúlla og leyfir nákvæmari staðsetningu við það að teikna línur.

Blýantsstungur eru algeng orsök slysa hjá ungum börnum. Blýbroddur getur skilið eftir sig grátt ummerki sem getur enst í húðinni í nokkur ár. Þetta leiddi að hinni gömlu hjátrúna að blý bútar gætu farið í gegnum blóðrásarkerfið og uppí heilann, og oldið hálfvisku í þeim sem fá slík sár. En auðvitað eru blýantar gerðir úr graffit (kolefni) en ekki blýi, og er því ekki hættulegt.



Í San Francisco fór fram sýning fyrir stuttu á verkum eftir listamennina Jenny Chapman og Mark Reigelman "Unclaimed space in downtown San Francisco". Verkið sem hér sést á myndunum minnir helst á lítið fuglahús innan um allar þessar skýja byggingar. Samt á verkið sterka skýrskotun í íverustað eða hús mannsins fyrr og nú.




Draumkenndur Arkitektúr



Allir arkitektúrar dreymir um að slá í gegn og skrá nafn sitt í sögubækurnar eins og kanski ökkur öllum hinum dreymir um líka. En hluti af námi arkitektúrs er að hugsa út fyrir hið hefðbundna, láta hugan flæða frjálst og óhindrað, án nokkurra lögmála í fyrstu. Sumar hugmyndir virðast í fyrstu jafnvel fáránlegar og óframkvæmanlegar, en það er einmitt áskorunin sem hin frjálsa hugsun kallar á. Síðar er að leysa hin tæknilegu atriði, og mörg eflaust verða aldrei leyst en önnur ná fram að ganga eftir langa og þrotlausar pælingar. Sjálfur var ég á listnámsárum mínu í deild sem gekk undir nafninu "Monomental deild" en þar þurftum við einmitt að hugsa um og setja fram hugmyndir að "einhverju sem nánast í fyrstu virtist óhugsandi" án þess að huga að lausnum eða kostnaði við viðkomandi "verk eða hugmynd". Þær lausnir kom síðar og þá í samstarfi við þar til lærða sem sér þekkingu hefðu á málinu. Hér á síðunni eru myndir af slíkum hugmyndum. Án efa verða sumar ekki að veruleika en aðrar kunna að verða það síðar.





Í mörgum gömlum samfélögum er mannleg reysn ekki feluleikur og tilefni til margvíslegrar listsköpunar.

Á einhvern undarlegan hátt hefur mörgum svokölluðum síðuðu samfélögum seinni tíma tekist að koma þeirri hugmynd inn að kynfæri fólks sé eitthvert annarskonar líffæri sem lúti allt öðrum lögmálum en önnur á líkamanum.

Feimni og helst ekkert tal má vera á yfirborðinu þegar þessi líffæri eru annarsvegar og fela skuli þau vandlega og helst alls ekki tala um þau þegar fleyri en tveir eru saman komnir í samræður. Ef einhver vogar sér að teikna tippi á blað er hann greindur sem dóni, pervert, eða eitthver þaðan af verra fyrirbrigði. En ef sá sami teiknar nef eða fingur lítur það öðru tungutaki. Hér eru nokkur glæsileg verk á almannafæri sem sótt eru í karlýmindina.

Mannleg reysn - List



Minst í heiminum !

Það er alveg hægt að segja það með góðri samvisku að margt sé undarlegt í þessari veröld okkar allri. Menn keppast við að mæla allt og alla, vera bestir, verstir, flottastir, klárastir, og stærstir og minnstir. Ekkert verður óviðkomandi. Meir að segja þjóðir leggjast í þessar mælingar og ef allt þrýtur þá er miðað við höfðatölur og allskonar önnur viðmið til að réttlæta afhverju



Stæst í heiminum !

Þetta eða þessi er stærstur, minnstur, elstur osr. Troðningur skoðaði þessa hluti aðeins og lætur hér nokkrar myndir fylgja máli.
Hérna má sjá m.a það sem fólk hreykir sér af því minnsta og stærsta.



Þjóðsögur

FJÓRAR SKÓNÁLAR FYRIR GULLKAMB

Einu sinni var karl og kerling í koti sínu; þau höfðu eytt öllu sínu og áttu nú ekki annað eftir en einn gullkamb sem kerling hafði laumað á.

Nú fær hún karlinum kambinn og biður hann að kaupa þeim forða. Karlinn fer af stað og gengur nú þangað til hann mætir manni er leiðir kú.

“Falleg er kýrin þín, kunningi,” segir karlinn.

“Fallegur er líka kamburinn þinn,” segir komumaður.

“Viltu bítta?” segir karlinn.

Komumaður lést þess alþúinn og höfðu þeir síðan kaupin.

Heldur nú karl áfram þangað til hann mætir öðrum manni er rak tvo sauði.

Karl ávarpar hann og segir: “Fallegir eru sauðir þínir.”

“Já, en falleg er líka kýr þín, karl minn,” segir komumaður.

“Viltu bítta?” segir karl.

“Já,” segir komumaður og býttuðu þeir síðan.

Var nú karl hróðugur og hélt að nú gæti [hann] klætt sig og kerlingu sína. Ennþá heldur hann áfram þangað til hann mætir manni er hefur með sér fjóra hunda.

“Fallegir eru hundar þínir,” segir karl.

“Já, en fallegir eru líka sauðir þínir,” segir komumaður.

“Viltu bítta?” segir karl.

“Já,” segir komumaður og býttuðu þeir síðan.

Þótti nú karli vænt um og hélt, að nú gæti hann rekið frá túninu. Heldur hann nú ennþá áfram þangað til hann kemur að bæ einum; var bóndi þar að smíða skónálar í smíðju.

“Fallegar eru skónálar þínar, bóndi,” segir

karl.

“Fallegir eru hundar þínir,” segir bóndi.

“Viltu bítta?” segir karl.

Bóndi játaði því og lét hann fá fjórar nálar fyrir hundana.

Gladdist karl nú mjög og þóttist hafa fengið góð kaup og hélt að nú gæti kerling nælt undir skó sína. Heldur hann nú heim á leið; varð þá fyrir honum lækur er hann stökk yfir, en í því duttu nálarnar ofan í lækinn og kom hann tómhentur heim.

Hann sagði kerlingu kaupskap sinn og þótti henni heldur þungt að missa nálanna, og fóru þau því bæði á stað og börn þeirra að leita þeirra. Þegar þau komu að læknum stungu þau öll höfðum ofan í lækinn til að vita hvert þau sæju ekki nálarnar og drukknuðu öllsömun.

HVER RÍFUR SVO LANGAN FISK ÚR ROÐI ?

Einu sinni voru hjón á bæ mjög aðsjál og urðu þó að halda vinnufólk nokkurt. Þeim blæddi í augum hversu mikið fólkíð borðaði og þó helst bóndanum, einkum um miðjan daginn, enda var bóndinn vanur að taka til fisk handa því til miðdegisverðar.

En málamatinn skammtaði konan og fékkst minna um hann en bóndi um fiskætið, enda er það sumra manna sögn að hún væri vinnufólkinu hliðhollari en bóndi hennar. Til þess að losa sig við þá hörmung að þurfa að taka fiskinn til handa fólkinu daglega eða fyrir vikuna tók bóndi upp á því að vega því út í einu fisk fyrir allt árið. En með því honum ofbauð hvað til þess þurfti lét hann vanta til fyrir einn dag.

Nú afhendir hann hverjum fiskætið og segir konu sinni frá að hann hafi látið vanta upp á fiskinn fyrir einn dag og segist hann þá ætla að látast deyja um þær mundir og liggja á börunum þenna seinasta dag af útvigtartímanum og muni þá fólkíð fyrir hryggðar sakir gleyma að borða þann daginn.

Nú líða tímar fram og þegar hinn ákveðni tími kemur læst bóndi deyja og er hann lagður til

á fjöl, sumir segja inni í baðstofu, en aðrir úti í skemmu.

Ekki er þess getið hvað hið annað vinnufólkið hafi til bragðs tekið um át þann daginn, en þegar smalinn kemur heim og ætlar að fara að snarka fiskbitann sinn sér hann að útvigtin er þrotin. Hleypur hann þá út úr baðstofunni fram í bæ til konunnar og segist vera búinn með útvigtina sína. Konan kvaðst nú hafa annað að hugsa en standa honum fyrir beina þar sem maðurinn sinn lægi á börunum.

Smalinn sagði: "Ég vil allt að einu hafa mat minn, en engar refjar."

Konan segir hann skuli þá fara út í skemmu og fá sér fisksnarl. Smali gerir svo, tekur þar löngu eða reginþorsk, sest með hana inn á rúm andspænis líkinu og rifur þar úr allan hnakkann eftir endilöngum fiskinum í einni rifu.

Bóndi heyrir þetta, rís upp undir blæjunni við dogg og segir: "Hver rifur svo langan fisk úr roði?"

Smali hélt að bóndi væri afturgenginn og rekur því sjálfskeiðinginn á hol í hann. Eftir það blæddu bónda aldrei í augum löngu fiskrifurnar því hann þurfti ekki meira.

SKYLDU BÁTAR MÍNIR RÓA Í DAG ?

Argasta kot í Helgafellssveit heitir í Botni, þar sér hvorki sól né sumar. Þar var einhverju sinni maður, allra sveita kvikindi, og hét Árni og var kallaður Árni í Botni. Einhverju sinni bjó hann sig út með nesti og nýja skó, lagði á drógar sínar og hélt suður á land svo langt að enginn þekkti Árna í Botni.

Hann kom loksins að stóru og reisulegu prestsetri og var þar um nótt. Presturinn átti unga og fríða dóttur.

En þegar Árni vaknaði og skyggndist til veðurs sagði hann við sjálfan sig: "Og skyldu þá bátar mínir róa í dag?"

Þetta sagði hann eður annað því líkt þrjá morgna í rennu.

Presturinn og dóttir hans tóku eftir þessu og grunaði að hér mundi kominn stórhöfðingi af Vesturlandi. Það er ekki að orðlengja að Árni bað prestsdóttur og fékk, og voru nú settir undir þau gæðingar og þau héldu vestur um land.

En við hvern stórbæ sem fyrir þeim varð á leiðinni sagði hún við bónda sinn: "Og er þetta bærinn þinn, elskan?"

"Og ekki enn," sagði hann.

Ríða þau nú lengi, lengi, þangað til eitt kveld í níðamyrkri að þau koma að koti einu, allt grafið í jörð niður. Hér fer Árni af baki og tekur af baki konu sína.

"Er það bærinn þinn að tarna, elskan?" segir hún.

"Já," segir Árni.

Nú ber Árni að dyrum og kemur kerlingarskrukka móðir Árna til dyranna og spyr hver kominn sé og segir Árni til sín og kallar inn því ekki sá handaskil í níðamykrinu:

"Kveiktu á gullstjakanum."

"Og ekki get ég það," sagði kerling.

"Kveiktu þá á silfurhjálminum," sagði Árni.

"Og ekki get ég það," sagði kerling.


"Og kveiktu þá á helvískri kolskörunni," sagði hann.

"Og það skal ég gera," sagði kerling og hljóp til og kveikti.

Um sambúð þeirra Árna og prestsdóttur er ekki getið.

Um Árna í Botni er þetta kveðið:




Árni í Botni allur rotni,
ekki er dyggðin fín;
þjófabæli, það er hans hæli,
þar sem aldrei sólin skín.




Aftur mun Troðningur fjalla aðeins um bækur sem listform og sýna nokkrar myndir af verkum un- nin með bókum.

Þótt á Íslandi (bókaþjóðinni miklu), hafi bókin ekki skipað sess í Íslenskri myndlistasögu nema þá helst þegar Diter Roth kom aðeins inn á bókagerð, hefur lítið borið á að myndlistarmenn hafi notað þær sem verksköpun. Mjög víða er þó þannig farið og þá sérstaklega í S Ameríku. Þar er þetta from töluvert notað á mjög svo athyglisverðan hátt. Stór og minni verk má sjá í söfnum, galleríum og á almannafæri víða. Það er líka fróðlegt að víða að sér efni og lesa um þessa myndlistarmenn og verkin. Gríðalegar þælingar eru oftast á bakvið þau og þau rista djúft í söguna og menningu viðkomandi þjóða. Enda er bókin víða mun áhrifameiri en nokkur tíman gerist eða gerst hefur hér á landi. Bókin er tákun um sögu, baráttu og virðingu innávið án þess að stærst sé að því að vera einhverskonar bókaþóð þar um slóðir. Bókin hefur ekki fengið þá athygli sem hún á skilið hér nema vera skildi til þýðis í hillum og við hátíðleg tækifæri. Í alvöru má segja að sú einsleitna hugmynd- dafræði sem hér ríkir í myndlistaheiminum s tandi listinni fyrir þrifum og enn sé verið að gera 40 ára gamla myndlist sem höfuðlist þjóðarinnar. Eurovision þátttaka okkar og nútíma Íslensk myndlist eiga því ákafleg margt sameiginlegt.

Bókverk í listum.



Bækur.



Bækur.





RÍKISLISTAMENN ÍSLANDS



17.460.000.-

60 MÁNUÐI Í STARFSLAUN

RÍKISLISTAMENN ÍSLANDS



13.095.000.-

45 MÁNUÐIR Í STARFSLAUN

RÍKISLISTAMENN ÍSLANDS



10.476.000.-

RÍKISLISTAMENN ÍSLANDS



16.296.000.-

Búkolla er kynjaveri í gömlu íslensku ævintýri. Hún er tekin upp í Vættatali Árna Björnssonar (bls. 28) og þar sögð „ævintýralek kýr sem kann mannamál”. Búkolla er ekki „vættur” í hefðbundnum skilningi þess orðs en hún er engu að síður „yfirnáttúruleg vera” og réttlætir það veru hennar í vættatalinu.

Sagan af Búkollu er mjög gömul og hefur til að bera ýmis séríslensk einkenni. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er að finna tvær gerðir af Búkollusögunni. Önnur þeirra greinir frá Búkollu og stráknum (JÁ II, 444), hin segir frá systrunum Sigríði, Signýju og Helgu karlsdætrum sem fara úr garðshorni að leita Búkollu. Sigríður og Signý bíða fjörtjón við leitina en Helga lendir í því að leysa ýmsar þrautir fyrir skessu með aðstoð Dordinguls (JÁ II, 442). Þessi saga er að líkindum samsetningur úr tveimur ævintýrum eins og Einar Ól. Sveinsson hefur bent á, annarsvegar sögunni af Búkollu og stráknum, hinsvegar úr öðru ævintýri (eða ævintýrum) þar sem þrautaminnið kemur við sögu (EÓS, 233).

En þó að Búkollusagan sé íslenskt ævintýri þá eru í henni minni og frásagnarliðir sem eru sameiginlegir með erlendum ævintýrum, enda eru ævintýri alþjóðlegt fyrirbæri. Þau flakka milli landa og samfélaga og festa rætur í nýjum heimkynnum þar sem þau taka á sig sérþjóðleg einkenni.

Búkollusagan er fjölþjóðleg í þeim skilningi að hún er ævintýri. Hún er hinsvegar séríslensk í þeim skilningi að Búkolla er íslenskt heiti á íslenskri kynjaskepnu sem talar mannamál og er stolið frá karli og kerlingu, stundum ásamt nýbornum kálfi. Hún breytir hnakka- eða halahárum sínum í fljót, bál og bjarg sem enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Stór kynjaskepna af tröllakyni, naut eða hundur, drekkur upp vatnið, mígur eða spýr því yfir bálið og borar svo gat í fjallið þar sem tröllin festast og verða að steini. Gatið í berginu er fornt minni sem við þekkjum úr Snorra-Eddu og Eddukvæðum. Í Skáldskaparmálum (5) og Hávamálum (104-110) segir frá því þegar Baugi jötunn borar gat í bergið með nafarnum Rata til þess að Óðinn geti skriðið þar í gegn í ormslíki til að ná skáldamiðinum af Gunnlöðu.

Búkolla eftir Ásgrím Jónsson

Minnið um kynjaflótta frá trölli eða óvætti þar sem hinn mennski maður kemst undan með því að kasta einhverju aftur fyrir sig sem verður að vatni, fjalli, eldi eða skógi, er sameiginlegt mörgum ævintýrum. Það mun fyrst koma fyrir í japanskri hetjusögu (Isanagi og Ísanami) frá því um 700 og nokkru síðar í indverskri ævintýrasögu (Kathasaritsagara) frá því um 1100, og einnig í galdrasögu hjá Saxo Grammaticusi um 1200.

Hvernig sagan er til orðin hér á landi er erfitt að segja. Einar Ól. Sveinsson bendir á að hún gæti verið óháð skemmtisaga líkt og sagan af Kolrössi er talin vera. En það er líka til í dæminu að hún sé samin upp úr öðrum ævintýrum (til dæmis um strákinn með gullhárið) eða jafnvel fornum og alvarlegri trúarsögnum um kynjaflóttann (EÓS, 233).

Hvað sem því líður er óhætt að fullyrða að sagan um Búkollu sé íslenskt ævintýri, vissulega ofið úr þeim samþjóðlega menningararfi sem íslensk munnmæli byggja á, en hún er engu að síður til orðin, mótuð og slípuð við íslenskar aðstæður í tímans rás.




Búkolla eftir Ásgrím Jónsson

Vindverk



Vindverk

Margir listamenn nýta sér vindinn til að skapa listaverk.
Víðsvegar um heimin eru til stór og mikilfengleg verk sem vindurinn
á stórt hlutverk í að skapa.




Vindverk



Er til algild fegurð ?

Fegurð hefur verið mjög umdeilt hugtak. Auðvitað er mismunandi hvað fólki finnst vera fallegt og hvað því finnst ljótt. En fegurðin er bara hugtak sem fer eftir tíðaranda samfélagsins.



Venus frá Willendorf

nútímamenn mundu líklega segja án umhugsunar að þær væru bara hreint út sagt ófríðar. Þetta var að sjálfsögðu ekki skoðunin á þeim tíma. Þá voru þær fallegri því stærri sem þær voru, það þótti bera merki um að þær kæmu af góðum ættum. Í dag eru hins vegar margar fyrirsætur komnar út í öfgar í megrunum og ýmiss konar lýtaaðgerðum. Í dag finnst fólki einfaldlega flottara að vera grannur og þess vegna er líka farið að framleiða alls konar megrunardrykki og flesta gosdrykki er hægt að fá í „diet“- eða léttformi.

Fólk í mismunandi löndum fer auðvitað eftir mismunandi mælikvörðum á fegurð. Afrískar konur vilja þó meina að það sé verið að pína upp á þær „horuðu, ljósu ímyndinni“ -- þær segjast núna skammast sín fyrir að vera með mjaðmir og maga, þegar það þótti bara flott áður fyrr. Þær eru með náttúrulegt hrokkið hár, en svartar fyrirsætur eru flestar með slétt hár. Konurnar í Afríku eiga því erfitt með að aðlagast þeirri fegurðarímynd sem vinsæl er á Vesturlöndunum í dag.

En sannleikurinn er að það er bæði

Skilgreining fegurðarinnar hefur líka breyst í aldanna rás. Ef til dæmis er horft á málverk sem voru gerð á barrokk tímanum og fyrirsætur þess tíma bornar saman við fyrirsætur okkar tíma þá sést vægast sagt mikill munur. Konurnar sem vinsælast var að mála voru flestar búttaðar og flestir

óholtt að vera of mjór og of feitur. Fólk ætti alls ekki að sækjast eftir því. Lystarstol (anorexia) er orðinn algengari sjúkdómur en áður og það sama má segja um offituna. Er ekki best fyrir fólk að vera bara í kjörþyngd, hvorki of létt né of þungt? Hverju skiptir hvernig fyrirsæturnar í blöðunum eru, ef manni líður vel?

Kannski felst fegurðin í innrætinu? Þér finnst sá sem þér þykir vænt um og kemur vel fram við þig fallegur.



Venus frá Míló

Ef einhver er kvikindislegur þá ertu ekki að spá í hvað hann er fallegur.

Árið 2001 var sýndur þáttur í sjónvarpinu um fegurð. Þar var fjallað um kenningu Pýþagórasar um tengsl fegurðar og andlitshlutfalla. Ef andlitið var í réttum hlutföllum, miðað við útreikninga Pýþagórasar, þá var viðkomandi fallegur.

Samkvæmt þessari kenningu er hægt að teikna upp andlitsmót með þessum ákveðnu hlutföllum og búa til grímu. Það ótrúlega við þetta allt saman er að þessi gríma passar á það fólk sem samfélag nútímans hampar sem fallegu, t.d. ýmsar kvikmyndastjörnur. Þetta er áhugaverð kenning, hvort sem það er hægt að treysta á hana eða ekki.

Samt hafa í tímans rás alltaf verið til fegurðargoðsagnir, hvort sem þær hétu Venus frá Willendorf, Venus frá Míló, Móna Lísu, Kleópatra eða Claudia Schiffer. Ég veit ekki hvers vegna þær þykja svo fallegar, en það er raunin að þær þykja (eða þóttu)

Af hverju er málverkið af Mónu Lísu svona frægt? Eru til fleiri gerðir af því en ein?

fallegar.

Heimildir

The Christian Science Monitor

World History Chronology

Mynd af styttnni af Venusi frá Míló

Vísindavefurinn

Af hverju er málverkið af Mónu Lísu svona frægt? Eru til fleiri gerðir af því en ein?



Leonardó da Vinci (1452-1519) málaði Mónu Lísu eða La Gioconda, eins og verkið er kallað víðast utan hins enskumælandi heims, í Flórens rétt upp úr aldamótunum 1500, og hann málaði hana aðeins einu sinni eftir því sem best er vitað.

La Gioconda heitir eftir fyrirmyndinni sem talin er vera Lísa, eiginkona flórentínsk kaupmanns, Francesco del

Giocondo. Samkvæmt samtímaheimildum vann Leonardó að verkinu í 4 ár og neitaði eiginmaðurinn á endanum að borga honum verklaunin. Málverkið hafnaði því í eigu listamannsins sem tók það með sér þegar hann yfirgaf Ítalíu fyrir fullt og allt árið 1516, og gaf velunnara sínum, Frans I Frakkakonungi. Þannig atvikaðist það að málverkið, ásamt með öðrum lausamálverkum er Leonardó gaf Frakkakonungi, myndaði stofninn að Louvre-safninu í París.

Meðal samtímamanna listamannsins spunnust strax ýmsar sagnir um verkið og þær aðferðir sem málarinn beitti við gerð þess. Ævisagnaritarinn Vasari segir Leonardó til dæmis hafa látið tónlistarmenn spila og syngja og trúða leika listir sínar fyrir hina afburðafögru Lísu, á meðan hann

Frh á síðu: 27

Vissir þú að...

Gúmmíteygja endist lengur sé hún fryst

Hnetur eru ein af mörgum uppistöðum í dýnamíti

Hákarl er eini fiskurinn sem getur blikkað með báðum augunum.

Það eru fleiri kjúklingar en manneskjur í heiminum.

Winston Churchill fæddist á kvennaklósetti.

Köttur hefur 32 vöðva í hverju eyra.

Gullfiskur hefur aðeins 3 sekúndu minni.

Meðalmanneskjan sofnar á 7 mínútum.

Maginn þarf að framleiða nýtt magaslím á tveggja vikna fresti annars myndi hann melta sjálfan sig.

Hósti ferðast á 96.5 kílómetra hraða á klukkustund upp um munninn.

Þegar þú hnerrar stöðvast mjög margt í líkama þínum, meira að segja hjartað þitt.

Ljóshært fólk hefur fleiri hár en dökkhært fólk.

Lengd fingranna segir til um hversu hratt neglurnar vaxa. Þessvegna vaxa neglurnar á löngutöng hraðast.

Hitler var með innilokunarkennd. Lyfta í Arnarhreiðrinu var innréttuð með speglum, til að hún virtist stærri, fyrir Hitler.

H.C Andersen var lesblindur.

Fullt nafn Barbie dúkkunnar er Barbara Millicent Roberts.

Leonardo Da Vinci fann upp skærin.

Móðir Hitlers hugleiddi það að fara í fóstureyðingu en lækurinn sannfærði hana um að gera það ekki. Silvester Stallone vann einu sinni við það að þrífa ljónabúr.



Spurningin er eðlileg við fyrstu sýn því að á myndinni eru að vísu samtals 13 manns en svo kann að virðast sem einn þeirra sé ung kona. Hún væri þá María Magdalena og lærisveinarnir væru ekki nema 11 eins og spurt er. En hér er fróðlegt að lesa það sem listfræðingurinn E.H. Gombrich hefur að segja um þetta mikla listaverk í bókinni Saga listarinnar (The Story of Art) sem er til í íslenskri þýðingu. Gombrich er mikið niðri fyrir þegar hann skrifar næstum tvær blaðsíður um þetta verk Leonardos. Hann segir meðal annars, í íslenskri þýðingu Halldórs Björns Runólfssonar: Einstök óheppni veldur því að þau fáu málverk sem til eru eftir Leonardo hafa varðveist afar illa. Það sést best á Síðustu kvöldmáltíðinni, leifunum af þekktustu veggmynd hans. Til að sjá hana fyrir sér verða menn að setja sig í spor munkanna sem höfðu myndina fyrir augunum. Verkið þekur vegg í aflöngum sal sem var matstofa í Santa Maria delle Grazie klaustrinu í Mílanó. Menn geta ímyndað sér áhrifin þegar myndin var afhjúpuð og kvöldverðarborð Krists og postulanna kom í ljós við hliðina á langborðum munkanna. ... Væntanlega voru munkarnir bergnumdir í fyrstu, myndin var svo raunsæ og sýndi hvert smáatriði, matarílatin og fellingarnar í dúknum. ...

Ekkert minnti á fyrri myndir af sama atburði. Hingað til höfðu postularnir ávallt setið rólegir í einni röð - að Júdasi undanskildum – meðan Kristur deildi út sakramentinu friðsæll á svip. Mynd Leonardos var allt öðruvísi. Listamaðurinn ... reyndi að setja sér fyrir hugskotsjónir augnablikið þegar Kristur sagði: "Sannlega segi ég yður: Einn af yður mun svikja mig." Þeir urðu mjög hryggir

og sögðu við hann, einn af öðrum: "Ekki er það ég, herra?" (Matt. 26, 21-23). Jóhannesarguðspjall bætir við: "Sá lærisveinn Jesú, sem hann elskaði, sat næstur honum. Símon Pétur benti honum og bað hann spyrja, hver sá væri, sem Jesús talaði um." (Jóh. 13, 23-25).

Það er þessi spurn og bending sem kemur hreyfingu á borðhaldið. ... Sumir virðast halda fram ást sinni og sakleysi. Nokkrir spyrja

alvörugefnir hver svikarinn kunni að vera. Aðrir bíða þess að Kristur skýri orði sín. Símon Pétur, sá bráðlátasti af lærisveinunum, hnippir í Jóhannes sem situr Kristi á hægri hönd og hvíslar í eyra honum og ýtir Júdasi fram í ákafanum. Svikarinn er ekki aðskilinn frá hinum en samt virðist hann einangraður. Hann er sá eini sem einskis þarf að spyrja. Hann hallar sér áfram og lítur upp tortrygginn eða reiður og fas hans er í hróplegri mótsögn við látbragð Krists sem situr rólegur og fjarrænn í miðju uppnáminu. ... Forverar Leonardos höfðu lengi glímt við að uppfylla bæði kröfur raunsæis og myndbyggingar. Útkoman hjá Pollaiuolo varð bæði stíf og tilgerðarleg en Leonardo, sem var ögn yngri en Pollaiuolo, leysti auðveldlega þetta vandasama verk. ... Þrátt fyrir hörmulegt ástand er "Síðasta kvöldmáltíðin" eitt af kraftaverkum mannsandans.

Hér kemur glöggt og ótvírætt fram að sá sem gat virst vera María Magdalena er í rauninni Jóhannes og lærisveinarnir eru því allir tólf á myndinni.

Frá sjónarmiði vísindasögunnar er meðal annars vert að taka eftir því sem sagt er í lok tilvitnunarinnar um framförina sem varð í málalari með snillingnum Leonardó, þó að eftir hann liggi allt of lítið af verkum. Framfarir í vísindum verða með svipuðum hætti og þarna er lýst um listina, og það er einmitt oft ekki magn verkanna sem ræður, heldur gæðin.

Myndin í upphafi svarsins er af málaðri eftirmynd.

Af hverju er málverkið af Mónu Lísu svona frægt?

málaði portrettið. Það skyldi gert til að bægja frá þunglyndisblikinu sem sótti gjarnan á fyrirsætur ef þær þurftu að sitja oft og lengi fyrir.

Í málverkinu af Mónu Lísu beitir Leonardó listtækniþragði sem hann hafði lengi verið að þróa og átti eftir að hafa mikil áhrif á fjölmargar kynslóðir portrettmálara. Málaratækni Leonardós heitir á máli listasögunnar sfumato sem er ítalska og þýðir bókstaflega í móðu eða gufu.

Aðferðin byggist á því að í stað skýrt dreginna útlína, til dæmis til að afmarka andlitsfall eða í kringum augu og munn, eru ljósir fletir látnir renna smám saman inn í dökka. Til þess að ná sem mestum áhrifum dregur málarinn tugi af örþunnum litblæjum hverja yfir aðra. Þegar engin skörp lína myndar skil á milli lita eða milli ljóss og skugga, er líkt og slæða sé dregin yfir myndina og fyrir þragðið verður svipur persónu, - sem ræðst ekki hvað síst af augnumgjörð og munnvikum, - óræðari og dulúðugri, ekki ósvipað hinu ósagða eða því sem gefið er í skyn í skáldskap.


Það er þetta stíltækniþragð sem réð mestu um orðróminn er fór af snilli Leonardós á fyrri öldum og um þau áhrif sem margir telja sig hafa orðið fyrir af verkinu í aldanna rás. Þeir sem hafa átt mestan þátt í að breiða út orðróminn um stórfengleikann í málverki Leonardós og gera verkið þannig frægt af frægð sinni, eru ekki hvað síst aðrir myndlistarmenn sem kópíeruðu verkið í massavís. Einnig tjáðu mörg skáld sig á hástemmdan hátt um þrá sína til konunnar í verkinu sem ýmist var talin brosa eða brosa ekki.

Það var í rauninni ekki fyrr en undir aldamótin 1900 að Móna Lísa og höfundur hennar voru tekin niður af liststallinum, fyrst með verki Freud um æsku Leonardós og síðan með yfirlýsingum ýmissa framúrstefnulistamanna um það

að málverkið af Mónu Lísu væri "merkingarsnauð klisja", tákn fyrir íhaldssömustu gildi vestrænnar menningar. Þeir gripu einnig til aðgerða á borð við það að setja á eftirprentanir af verkinu yfirvararskegg og árita á nýjan leik (Duchamp).

Frægð málverksins af Mónu Lísu byggist ekki á því að það sé "besta málverk í heimi" enda er enginn mælikvarði til á slíkt í heimi listarinnar, heldur er verkið vitnisburður um þau fegurðargildi sem giltu í myndlist fyrir 500 árum en gilda ekki endilega í dag. Sem slíkt er það tákn fyrir tiltekið merkistímabil í menningarsögu Evrópu, Endurreisnartímabilið. Þá þykir eigendasa-ga verksins sérstök og síðast en ekki síst er verkið frægt af frægð sinni, svo sem að ofan greinir, en sú frægð segir okkur heilmikið um hugmyndir okkar um eigin menningu.

Í lokin má geta þess til gamans að al-gengasta spurning sem gestir spyrja starfsfólk Louvre-safnsins er eftirfarandi: "Where is the Mona Lisa SMILE, please?" (Afsakið, en hvar er Mónu Lísu-BROSID?).



Nettímarit

Troðningur

Menning & List



Ísland - sækjum það heim



Verkið Ísland sækjum það heim eftir Guðmund R Lúðvíksson frá 1997.
Í eigu Nýlistasafnsin

ICELANDIC
ART MAGAZINE